

**606. fundur Sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps haldinn Strandgötu 38,
þriðjudaginn 24. janúar 2023
og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH), Jenný Lára Magnadóttir (JLM), Guðlaugur Jónsson (GJ), Jón Ingi Jónsson (JIJ), Lilja Magnúsdóttir (LM) og Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ).

Fundargerð ritaði: Ólafur Þór Ólafsson, sveitarstjóri

Oddviti býður fundarfólk velkomið og athugar hvort athugasemdir séu við fundarboðun. JIJ vakti athygli á því að gögn vegna breytinga á gjaldskrá vegna sorpgjalda hefðu borist sveitarstjórnarfulltrúum seint og ekki í samræmi við samþykktir sveitarfélagsins, en gerði þó ekki athugasemd við að málið yrði tekið til afgreiðslu.

Eftir að sú athugasemd var fram komin og bókuð lýsti oddviti fund 606 lögmætan.

Dagskrá:

1. Framkvæmdir 2023 - 2301067

Tillaga að framkvæmdum á vegum Tálknafjarðarhrepps árið 2023 lögð fram ásamt áætlaðri framkvæmdaþörf fram yfir árið 2026.

Í tillögunni kemur fram að á árinu 2023 verði farið í eftirfarandi verkefni, en gert er ráð fyrir kr. 60.000.000,- til fjárfestingar á árinu:

*Framkvæmdum við vatnsveitu ásamt gatnaframkvæmdum á Túngötu verði lokið.

*Farið verði í endurnýjun lagna og undirvinnu vegna gatnaframkvæmda á Móatúni, en yfirborðsframkvæmdum frestað til ársins 2024.

*Reist verði sauðfjargirðing í kringum þéttbýlið á Tálknafirði.

*Lokið verði við framkvæmdir við endurnýjun rafmagns á Tálknafjarðarhöfn.

*Byrjað verði á framkvæmdum á lóð Tálknafjarðarskóla í samræmi við tillögur nemenda.

*Mötuneyti Tálknafjarðarskóla verði fært af efri hæð skólans og á þá neðri í samræmi við tillögur starfshóps, en búnaðarkaupum frestað til ársins 2024.

Tillaga að framkvæmdum ársins 2023 ásamt áætlaðri framkvæmdaþörf fram yfir árið 2026 er samþykkt með fjórum atkvæðum.

GJ situr hjá við afgreiðslu málsins.

2. Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi - 2208076

Lögð fram tillaga að breyttri samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Tálknafjarðarhreppi.

Samþykkt með þremur greiddum atkvæðum GJ, JLM og LM að vísa tillögu að breyttri samþykkt um meðhöndlun úrgangs til síðari umræðu í sveitarstjórn en JÖH og JIJ greiða atkvæði á móti.

3. Gjaldskrár 2023 - 2212665

Lögð fram tillaga að breyttri gjaldskrá vegna sorpgjalda Tálknafjarðarhrepps 2023.

Breytt gjaldskrá vegna sorphirðugjalda Tálknafjarðarhrepps 2023 samþykkt með þremur greiddum atkvæðum. JÖH og JIJ sitja hjá við afgreiðslu málsins.

4. Fjárhagsáætlun Náttúrustofu Vestfjarða 2023-2026 - 2301030

Fjárhagsáætlun Náttúrustofu Vestfjarða 2023-2026.

Framlögð fjárhagsáætlun Náttúrustofu Vestfjarða 2023-2026 er staðfest með fjórum greiddum atkvæðum. JIJ situr hjá.

Sveitarstjóra er falið að vinna viðauka við fjárhagsáætlun Tálknafjarðarhrepps 2023-2026 vegna þessa og leggja fyrir sveitarstjórn til staðfestingar.

5. Breyting á aðalskipulagi á Gileyri - 2210466

Tillaga skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um að skipulagslýsing vegna breytingar á aðalskipulagi 2006-2018 vegna iðnaðarsvæðis I2-Gileyri, dagsett í desember 2022, verði samþykkt og skipulagsfulltrúa falið að óska umsagnar og auglýsa lýsinguna skv. 40 gr. skipulagslaga nr.123/2010.

Mál frá 6. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.01.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagða lýsingu og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa hana skv. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

6. Breyting á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar - 2009255

Tillaga skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um að tillaga að breytingu á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál frá 6. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.01.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að breyting á deiliskipulagi Tálknafjarðarhafnar verði afgreidd skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

7. Deiliskipulagsbreyting Tungusilungur - 2210475

Tillaga skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps til sveitarstjórnar um að tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Tungusilung verði samþykkt og að hún verði afgreidd skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Mál frá 6. fundar skipulagsnefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 17.01.2023.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að breyting á deiliskipulagi fyrir fisk- og seiðaeldi í landi Innstu Tungu verði afgreidd skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

8. Breyting á skóladagatali - tilfærsla á starfsdögum - 2301010

Lögð fram til staðfestingar tillaga að breytingu á skóladagatali Tálknafjarðarskóla vegna tilfærslu á starfsdögum, samþykkt á 6. fundi fræðslunefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.01.2023.

Sveitarstjórn staðfestir samhljóða framlagða breytingu á skóladagatali

Táknafjarðarskóla 2022-2023.

9. Umhverfis- og byggingarnefnd - 5 - 2211005F

Fundargerð 5. fundar Umhverfis- og byggingarnefndar Táknarfjarðarhepps sem fór fram 22.12.2022.

Fundargerðin er staðfest.

- 9.1 2210365 - Umsókn um 50.000 lítra oliugeymi fyrir rafstöð
- 9.2 2212670 - Norðurbotn leyfi fyrir tímabundnum vegi
- 9.3 2211612 - Neysluvatnssýni 21.11.22

10. Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefnd - 6 - 2301003F

Fundargerð 6. fundar Íþróttá-, menningar- og æskulýðsnefndar Táknarfjarðarhepps sem fór fram 09.01.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 10.1 2212665 - Gjaldskrár 2023
- 10.2 2211551 - Styrkur beiðni um styrk
- 10.3 2212664 - Frístundafulltrúi

11. Fræðslunefnd - 6 - 2301004F

Fundargerð 6. fundar fræðslunefndar Táknarfjarðarhepps sem fór fram 12.01.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 11.1 2301010 - Breyting á skóladagatali - tilfærsla á starfsdögum
- 11.2 2208001 - Upplýsingagjöf skólastjóra skólaárið 2022-2023
- 11.3 2212668 - Úthlutun námsleyfa vegna skólaársins 2023-2024
- 11.4 2210324 - Ytra mat á leikskólum árið 2023
- 11.5 2212729 - Ytra mat á skólastarfi
- 11.6 2212665 - Gjaldskrá Táknarfjarðarskóla 2023

12. Skipulagsnefnd - 6 - 2301005F

Fundargerð 6. fundar skipulagsnefndar Táknarfjarðarhepps sem fór fram 17.01.2023.

Fundargerðin er staðfest.

- 12.1 2210475 - Deiliskipulagsbreyting Tungusilungur
- 12.2 2009255 - Breyting á deiliskipulagi Táknarfjarðarhafnar.
- 12.3 2210466 - Breyting á aðal- og deiliskipulagi á Gileyri
- 12.4 1809041 - Aðalskipulag Endurskoðun 2019-2031
- 12.5 2211596 - Fyrirspurn um áform um endurskoðun aðalskipulags og gerð eða endurskoðun svæðisskipulags

13. Umhverfis- og byggingarnefnd - 6 - 2301006F

Fundargerð 6. umhverfis- og bygginganefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 18.01.2023.

Fundargerðin er staðfest.

13.1 2301027 - Viðhald og sláttur opinna svæða 2023

13.2 2301041 - Gjaldskrá Úrvinnslusjóðs fyrir greiðslur til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar

13.3 2301029 - Borgað þegar hent er, 2023

13.4 2301008 - Sorphirðudagatal 2023

13.5 2203237 - Samtaka um hringrásarhagkerfi

13.6 2207047 - Fundargerð vegna sorpsamnings verkfundir

14. Framkvæmdir í Tálknafjarðarskóla 2023 - 2212725

Erindi frá skólastjóra Tálknafjarðarskóla dags. 21.12.2023 varðandi framkvæmdir í Tálknafjarðarskóla árið 2023.

Lagt fram.

15. Umdæmisráð barnaverndar - 2208091

Undirritaður samningur um rekstur umdæmisráðs Landsbyggða sem gildir 01.01.2023-31.12.2027.

Lagt fram.

16. Borgað þegar hent er - 2301029

Undirrituð sameiginleg yfirlýsing Tálknafjarðarhrepps, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar dags. 09.01.2023 vegna innleiðingar borgað þegar hent er við heimili. Jafnframt er lagt fram minnisblað dagsett í janúar 2023 um verkefni Sambands íslenskra sveitafélaga í samstarfi við Húsnæðis- og mannvirkjastofnun, Ísafjarðarbæ og Grímsnes- og Grafningshrepp vegna Borgað þegar hent er sem hófst í október 2022.

Lagt fram.

17. Gjaldskrá Úrvinnslusjóðs fyrir greiðslur til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar - 2301041

Erindi frá Úrvinnslusjóði móttakið 12.01.2023 þar sem kynnt er gjaldskrá sjóðsins til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar á umbúðum úr pappír, pappa, gleri, málm og plasti, sbr. 10. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, sem var samþykkt í desember 2022. Í erindinu kemur fram að fyrirhugað er að halda kynningarfund um greiðslur til sveitarfélaga vegna sérstakrar söfnunar 24.01.2023.

Einnig á dagskrá 6. fundar Umhverfis- og bygginganefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 18.01.2023.

Lagt fram.

18. Sorphirðudagatal 2023 - 2301008

Sorphirðudagatal Tálknafjarðarhrepps og Vesturbyggðar fyrir árið 2023 unnið af Kubbi.

Einnig á dagskrá 6. fundar Umhverfis- og bygginganefndar Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 18.01.2023.

Lagt fram.

19. Upplýsingagjöf sveitarstjóra 2023 - 2301025

Umræður um þau mál sem fram komu í upplýsingagjöf sveitarstjóra.

20. Fundargerðir 2023 Velferðarráð - 2301047

Fundargerð 44. fundar velferðarráðs Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps sem fór fram 12.01.2023.

Lagt fram.

21. Fundargerðir 2022 Náttúrustofu Vestfjarða (NAVE) - 2202125

Fundargerð 139. stjórnarfundar Náttúrustofu Vestfjarða sem fór fram 19.12.2022.

Lagt fram.

22. Fundargerðir 2022 Hafnasamband - 2202145

Fundargerð 448. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands sem fór fram 16.12.2022.

Lagt fram.

Oddviti þakkar fundarmönnum góðan fund og slítur fundi.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 19:45.

Jóhann Örn Hreiðarsson (JÖH)

Jenný Lára Magnadóttir (JLM)

Guðlaugur Jónsson (GJ)

Jón Ingi Jónsson (JIJ)

Lilja Magnúsdóttir (LM)

Ólafur Þór Ólafsson (ÓÞÓ)